



**260. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 7. desember 2017 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Þórey Edda Elísdóttir, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnbogason og Viðar Garðarsson.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson skýrði frá því helsta í undirbúningi ólympískra verkefna sem framundan eru.

###### *PyeongChang 2018*

Undirbúningur gengur samkvæmt áætlun. Forseti ÍSÍ mun verða viðstaddur setningu leikanna og fyrri hluta leikanna. Framkvæmdastjóri verður alla leikana. Ráðherra mun sækja setningu leikanna og dvelja fyrstu keppnisdagana ásamt aðstoðarmanni sínum. Framkvæmdastjóri skýrði frá ákvörðun IOC um að banna þátttöku Rússlands í leikunum. Þeir rússnesku íþróttamenn sem ekki hafa verið viðráðnir lyfjamisnotkun geta keppt á leikunum undir fána IOC.

###### *YOG, Buenos Aires 2018*

Fundað var nýlega með þeim sérsamböndum sem nú þegar hafa unnið sér rétt á að senda þátttakendur á Ólympíuleika ungmenna í Buenos Aires 2018 og einnig þeim samböndum sem hugsanlega ná því takmarki.

Örn skýrði frá því að Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ hafi átt fundi með sérsamböndum nýlega vegna afreksmála.

##### **2. Fagsvið ÍSÍ**

###### *Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ*

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs sviðsins skýrði frá helstu verkefnum sviðsins þessa dagana. Fagráð sviðsins fundaði nýlega og fór vel yfir verkefnastöðu og fjárhagsáætlun sviðsins.

Rætt um kynferðislegt áreiti og ofbeldi í íþróttahreyfingunni. Nýlega var haldinn fundur með sérsamböndum ÍSÍ. Þar kom fram ákall til ÍSÍ um að búa til verkferla sem sambandsaðilar og íþrótt- og ungmennafélög geta stuðst við varðandi þessi málefni. Forseti sagði að nauðsynlegt væri að taka á þessu máli af festu. Með umræðunni gefist tækifæri til að koma þessu í ferli og fræða hreyfinguna.

###### *Almenningsíþróttasvið ÍSÍ*

Garðar Svansson formaður fagráðs sviðsins skýrði frá fjárhagsáætlun sviðsins og mögulega samstarfsaðila vegna rekstur verkefna.

Samþykkt var að verði áfram meðlimur í EFCS (European Federation of Company Sports).

### **3. Íþróttamaður ársins**

Farið yfir undirbúning fyrir Íþróttamann ársins 2017. Hófið fer fram í Hörpu 28. desember nk.

### **4. Fjárhagslegar upplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir 10 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Staða reksturs er góð. Rætt um Smáþjóðaleika og þátttöku í þeim til framtíðar.

### **5. Stefna og markmið ÍSÍ fyrir Almenningsíþróttasvið ÍSÍ**

Garðar Svansson formaður fagráðs sviðsins kynnti endurskoðaða stefnu sviðsins, markmið og hlutverk. Nokkrar umræður urðu um málið og komu fundarmenn sér saman um nokkrar breytingar á orðalagi og tilfæringar á texta.

### **6. Nefnd um íþróttir 60+**

Garðar Svansson formaður fagráðs sviðsins skýrði frá því að sviðið dragi til baka fyrri ósk um breytingu á heiti nefndar um íþróttir 60+.

Rætt um að breyta yfirheiti nefndarinnar og skipta starfi nefndarinnar í nokkra undirflokkar eftir aldri. Vísað til sviðsins til skoðunar.

### **7. Heiðranir**

Tillaga HSH um að heiðra Hilmar Hauksson með Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi sambandsins 11. desember nk. samþykkt einróma.

### **8. Fundargerðir:**

- 259. fundur framkvæmdastjórnar
- 21. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ, frá 6. desember 2017
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 29. nóvember 2017
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ frá 5. desember 2017
- Laganefnd ÍSÍ frá frá 28. nóvember 2017.

Framkvæmdastjórn óskar eftir nánari leiðbeiningum frá laganefnd varðandi leiðbeinandi upplýsingar til sambandsaðila ÍSÍ í kjölfar málaloka erindis Fimleikavara ehf til Samkeppniseftirlitsins.

### **9. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

### **10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 24. janúar nk.

### **11. Önnur mál**

*Fundur með ráðherra*

Áætlað er að funda með ráðherra og föruneysi í húsnæði ÍSÍ á morgun.

*Lyfjæftirlit Íslands*

Farið yfir stöðu mála varðandi stofnun Lyfjæftirlits Íslands.

*Ferðasjóður íþróttafélaga*

Umsóknarferlið stendur yfir. Skilafrestur rennur út á miðnætti 10. janúar 2018. Verið er að ljúka hönnun á nýjum gagnagrunni fyrir sjóðinn. Útreikningur úthlutunar og yfirferð umsókna mun verða unnið í nýja grunninum.

*Samningur við Icelandair*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu samningaviðræðna við Icelandair.

*Samningur við Air Iceland Connect*

Framkvæmdastjóri fór yfri stöðu samningaviðræðna við félagið. Tafir hafa orðið á undirritun samninga sökum þess að félagið vill breyta fyrirkomulaginu á afgreiðslu afsláttarkjara.

*Starfsskýrsluskil*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að 96% skil hafi náðst í starfsskýrsluskilum ársins 2017 vegna starfsársins 2016. Áætlað er að ganga frá verklokum vegna Felix á næstu vikum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari